

99

Fluttar 66627,62

2. Vextir á árinu 1887, samkvæmt skýrslu um vaxtafje sjóðsins:	
a. Af ríkisskuldabryfum til 11. júní 1887 . . . . .	kr. 1586,20
b. — skuldabryfum einstakra manna til 11. júní 1887	
1487 kr. 11 aur. ÷ 108 kr. . . . .	kr. 1379,11
og dagvextir af nokkrum skuldabryfum . . . . .	— 23,96 — 1403,07 kr. 2989,27
3. Borgað af lánnum einstakra manna, og afborgun af lánnum . . . . .	— 1817,83
4. Þóknun út af vaxtabreytingu, $1\frac{3}{4}\%$ af 28500 kr. . . . .	— 498,75
5. Andvirði útborgaðra kgl. skuldabryfa . . . . .	— 690,00
6. Ný skuldabryf, er sjóðurinn hefur eignast á árinu fyrir lánnum gegn veði í fasteign . . . . .	— 2400,00
	Tekjur samtals kr. 75023,47

## Gjöld:

1. Styrkur veittur til uppfósturs og menntunar fátækum börnum í hinu forna Kjalarnespingi 1887 . . . . .	kr. 2560,00
2. Lánað út á sama ári . . . . .	— 2400,00
3. Til jafnaðar gegn 3. og 5. tölulið . . . . .	— 2507,83
4. Eptirstöðvar við árslok 1887:	
a. Innritunarskýrteini Littr. A. Fol. 87. . . . .	kr. 28500,00
b. Skuldabryf einstakra manna . . . . .	— 37636,39
c. Ógoldnir vextir . . . . .	— 82,00
d. Í peningum . . . . .	— 1337,25 — 67555,64
	Gjöld samtals kr. 75023,47

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 20. maí 1888.

*E. Th. Jónassen. P. Pjetursson.*

100

## Á g r i p

af reikningi landsbankans 1. júlí til 30. septbr. 1888.

## Tekjur.

1. Í sjóði 1. júlí p. á. . . . .	33653,69
2. Frá landssjóði í nýjum seðlum . . . . .	5000,00
3. Endurborguð lán:	
a, Fasteignarveðslán . . . . .	19975,96
b, Sjálfskuldarábyrgðarlán . . . . .	2936,18
c, Handveðslán . . . . .	60,00
d, Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga . . . . .	250,00
4. Fasteignaveð lögð bankanum út til eignar fyrir lánnum að upphæð . . . . .	4600,00
5. Innleystir víxlar . . . . .	19844,17
6. Innleystar ávísanir . . . . .	855,74
7. Vextir:	
a, af lánnum . . . . .	9930,79
b, af kgl. ríkisskuldabryfum . . . . .	8,26
	9939,05
	Flyt 97114,79

	Fluttar	97114,79	100
8. Diskonto . . . . .		120,48	
9. Provision og aðrar óvissar tekjur . . . . .		283,70	
10. Seld kgl. ríkisskuldabryf . . . . .		1000,00	
11. Lagt inn á hlaupareikning . . . . .		2146,13	
12. Sparisjóðsinnlög . . . . .		43239,55	
13. Fasteign tilheyrandi bankanum seld . . . . .		2200,00	
14. Tekjur tilheyrandi varasjóði bankans samkvæmt úrskurði við banka- reikninginn 1887 . . . . .		1006,88	
	Tekjur alls	147111,53	

## Gjöld.

1. Lánað gegn:			
a, Fasteignarveði . . . . .	7578,30		
b, Sjálfskuldarábyrgð . . . . .	6300,00		
c, Handveði . . . . .	4000,00	17878,30	
2. Keyptir víxlar . . . . .		13595,00	
3. Keyptar ávísanir . . . . .		1200,07	
4. Keypt kgl. ríkisskuldabryf . . . . .		1000,00	
5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning . . . . .		4802,50	
6. a. Útborgað af sparisjóðsinnlögum . . . . .	41680,13		
b. Útborgaðir dagvextir þar af . . . . .	153,87	41834,00	
7. Borguð skuld til »Landmands«-bankans . . . . .		35,91	
8. Útgjöld fyrir varasjóð sparisjóðsins í Reykjavík . . . . . (Þaraf til jafnaðar móti tekjulið 14: 1006 kr. 88 a.)		1275,03	
9. Kostnaður við bankahaldið (laun og fl.) . . . . .		1529,60	
10. Ýmisleg útgjöld . . . . .		264,44	
11. Til jafnaðar móti tekjulið 4. . . . .		4600,00	
12. Í sjóði 30. sept. p. á. . . . .		59096,68	
	Gjöld alls	147111,53	

*Athugasemdir:*

Landsbankinn átti 30. sept. p. á.

1. Skuldabryf fyrir lánum:			
a, Fasteignarveðs-skuldabryf . . . . .	622749,43		
b, Sjálfskuldarábyrgðar-skuldabryf . . . . .	33751,96		
c, Handveðs-skuldabryf . . . . .	15110,00		
d, Skuldabryf bæja- og sveitarfjelaga . . . . .	11221,00	682832,39	
2. Önnur skuldabryf:			
a, konungleg ríkisskuldabryf . . . . .	101200,00		
b, skuldabryf Reykjavíkur kaupstaðar . . . . .	1300,00	102500,00	
3. Vixlar . . . . .		5875,00	
4. Ávísanir . . . . .		1200,07	
5. Fasteignir útlagðar bankanum fyrir lánnum að upphæð . . . . .		3600,00	
6. Í sjóði 30. sept. p. á. . . . .		59096,68	
	Alls	855104,14	

100	Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði . . . . .	kr. 430000,00
	Eign varasjóðs bankans 31. des. 1887 (samkvæmt úrskurðuðum reikningi) . . . . .	— 27116,60
	Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. sept. p. á. . . . .	— 26392,02
	Ýmsar tekjur, sem eru eigi orðnar eign varasjóðs . . . . .	kr. 35066,35
	Að frádragnum ýmsum kostnaði 1. jan. til 30. sept. p. á. . . . .	— 5601,98
	Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 30. sept. 1888 . . . . .	— 342066,84
	Fje er lagt hefur verið inn á hlaupareikning . . . . .	— 64,31
		Alls kr. 855104,14

Stjórn landsbankans, Reykjavík 17. okt. 1888.

*L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.*

101

### Fiskiveiðasamþykktir.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefur samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi samþykktir:

#### I. Samþykkt

um hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu.

##### 1. grein.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 10. marzmánaðar ár hvert, má enginn, sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af hákarli (skrokkum eða innýflum) í sjó, án þess lífsnauðsyn liggi við.

##### 2. grein.

Í sjerhverjum hreppi Strandasýslu sje skipuð 3 manna nefnd. Kys hreppsnefndin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Vanræki hlutadeigendur að mæta á fundi, er boðaður verður í því skyni af hreppsnefndaroddvita, skal hreppsnefndin hafa vald til að skipa menn til starfa þeirra, sem enginn má skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir eru einar bærar um að meta. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvís að því, eða nefndinni þyki líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutadeigandi yfirvaldi.

##### 3. grein.

Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, skal ávallt allur afi upptækur; auk þess getur brotið varðað sektum frá 10 til 500 kr. eptir málavöxtum.

Helmingur sekta og afla falli til fátækra sjóðs þess hrepps, þar sem skipið hefur uppsátur,  $\frac{1}{4}$  (einn fjórði) hluti gæzlunefndinni í hreppnum,  $\frac{1}{4}$  (einn fjórði) hluti uppljóstarmanni.

\*

\*

\*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi hinn 1. febr. 1889.

Þetta kunngjörist öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 20. oktbr. 1888.

*E. Th. Jónassen.*